



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 13. febrúar 2020

**Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 447. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, 447. mál þar sem lagðar eru til tvær meginbreytingar. Í fyrsta lagi breytingar á frestum vegna yfirvofandi kröfu um skipti á grundvelli 121. gr. laga um ársreikninga. Í öðru lagi er gerð tillaga um að ársreikningaskrá verði heimilað að fella niður álagðar stjórnvaldssektir á grundvelli 120. gr. laganna samhliða slitum á viðkomandi félagi. Í ljósi þess að til stendur að gera breytingar á lögum vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi tillögum til frekari breytinga en frumvarpið ráðgerir.

Í 98. gr. laga um ársreikninga er kveðið á um undanþágu frá meginreglu 1. mgr. 96. gr. laganna um endurskoðunarskyldu félaga. Í ákvæðinu eru þrjú stærðarmörk, þ.e. niðurstöðutala efnahagsreiknings, hrein velta og meðalfjöldi ársverka. Félög þurfa að vera undir tveimur af fyrrgreindum stærðarmörkum svo undanþágan eigi við. Samtökin telja að endurskoða þurfi þau viðmið með það að markmiði að auka samræmi en ekki síður til að bregðast við stöðu fyrirtækja í framleiðsluiðnaði sem berjast mörg hver í bökkum nú um mundir.

**Aukið stjórnarsýsluálag á fyrirtæki í framleiðsluiðnaði**

Núverandi eigna- og tekjuviðmið hafa haldist óbreytt frá árinu 2014 en frá 2014-2019 hækkuðu meðaltekjur framleiðslufyrirtækja um 37%. Eignir hækkuðu um 13% á tímabilinu 2014-2018. Eigna- og tekjuviðmið í 98. gr. hafa því ekki verið uppfærð til samræmis við þróun í veltu og eignum íslenskra framleiðslufyrirtækja á þessu tímabili. Álykta má því að þó nokkur aukning hafi orðið í hlutdeild fyrirtækja í framleiðsluiðnaði sem eru endurskoðunarskyld.

Endurskoðunarskyldan og sá kostnaður sem henni fylgir getur verið sérstaklega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki sem búa við litla arðsemi og eiga í mikilli alþjóðlegri samkeppni. Í því sambandi má nefna að samkeppnishæfni íslensks framleiðsluiðnaðar er hverfandi í alþjóðlegum samanburði en launakostnaður á klukkustund í evrum er nú um 75% hærri á Íslandi en að meðaltali í Evrópu.

Þetta sést berlega í afkomu íslenskra framleiðslufyrirtækja en raunarðsemi eiginfjár í framleiðsluiðnaði var eingöngu 4% að meðaltali á árunum 2015-2018. Margar af stærstu stoðum framleiðsluiðnaðar bjuggu þá við neikvæða ávöxtun eiginfjár, t.d. matvælaíðnaður (2% raunarðsemi árið 2018), drykkjarvöruiðnaður (-22% raunarðsemi) og orkusækinn iðnaður á sviði málmframleiðslu (-1% raunarðsemi).

Er því mikilvægt að leita leiða til að bæta starfsumhverfi þessara fyrirtækja.



## Aukin stjórnslubyrði á lítil félög

Eitt af meginmarkmiðum tilskipunar Evrópusambandsins (2013/34/ESB) sem innleidd var með breytingarlögum nr. 73/2016 var að draga úr stjórnslubyrðum og íþyngjandi kröfum m.a. með einföldun regluverks. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar kemur fram að endurskoðunarskylda ætti ekki að ná yfir árleg reikningsskil lítilla fyrirtækja, þar eð endurskoðun getur verið töluvert stjórnsluálag fyrir þann flokk fyrirtækja.


Í lögum um ársreikninga eru lítil félög skilgreind samkvæmt b-lið 11. tl. 1. mgr. 2. gr. Ef sú skilgreining er borin saman við stærðarmörk 1. mgr. 98 gr. laganna sést að stærðarmörkin í 1. mgr. 98. gr. eru langtum lægri en viðmið laganna á litlum félögum. Er því ljóst að endurskoðunarskyldan hvílir nú á fyrirtækjum sem teljast lítil fyrirtæki í skilningi laganna, þvert á markmið tilskipunarinnar og laga um ársreikninga.

Tafla 1. Samanburður stærðarmörkum í lögum um ársreikninga.

	Stærðarmörk í 1. mgr. 98 gr laga um ársreikninga	Viðmið 2. gr. laga um ársreikninga – skilgreining á litlum félögum
Eignir	200	600
Velta	400	1.200
Ársverk	50	50

Á grundvelli alls þess sem að framan greinir vilja Samtökin að undanþáguákvæði 1. mgr. 98. gr. laga um ársreikninga sé endurskoðað og viðmiðunarmörk hækkuð til samræmis við skilgreiningu laganna á litlum félögum.

Virðingarfyllst,

  
Björg Ásta Þórðardóttir,  
lögmaður SI